

Nd.

104. Nefndarálit

[26. mál]

um frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur tekið til athugunar frumv. um staðfestingu á bráðabirgðalögum um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Þeir fjórir nefndarmenn, sem styðja ríkisstjórnina, vilja, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmaður lýsti hlutleysi við málið. En tveir nefndarmenn, Hannibal Valdimarsson og undirritaður, eru frumv. andvígir og vilja láta fella það.

Andstaða mín við frumv. er byggð á því, að bráðabirgðalögin sviptu bændur öllum rétti til áhrifa og samninga um kaup sitt og kjör. Er slíkt harkaleg aðferð gagnvart bændastéttinni, að hún skuli án saka ein allra starfsstétta í landinu vera með lögum svipt þeim sjálfsögðu mannréttindum að fá sjálf að semja um launakjör sín.

Tel ég, að slík meðferð á bændastéttinni hafi verið með öllu óþörf, því að hægt hafi verið að leysa þann vanda, sem skapaðist, þegar Alþýðusamband Íslands illu heilli neitaði að láta fulltrúa sinn í sexmannanefndinni halda áfram störfum, á þann hátt, að ríkisstjórnin tæki upp samninga við Stéttarsamband bænda, og ef samningar hefðu ekki getað tekizt, þá hefði ríkisstjórnin átt að beita sér fyrir skipun yfirnefndar, t. d. með tilnefningu frá hæstarétti, Stéttarsambandi bænda og ríkisstjórninni, til úrskurðar í málinu, og var allt annað að gefa út bráðabirgðalög um slíka lausn á málinu, ef það hefði þótt nauðsynlegt.

Þá tel ég, að hið nýja viðmiðunarákvæði, sem bráðabirgðalögin hafa að geyma, sé mjög óeðlilegt, svo að ekki sé meira sagt, þar sem hækkun á kaupum bænda er miðuð við hækkun á bótum almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega, en lagaákvæðið um hækkun bótanna er aðeins heimildarákvæði.

Þetta nýja viðmiðunarákvæði tel ég bændum jafnhættulegt, ef það ætti eftir að festast í lögum, eins og ég tel það óeðlilegan viðmiðunargrundvöll til þess að miða kaup þeirra við, en bændur eru samkv. opinberum skýrslum tekjulægsta stétt á Íslandi.

Nú hefur verið skipuð nefnd manna frá sömu aðilum og áður áttu sæti í sexmannanefnd til þess að finna nýjan grundvöll fyrir verðlagningu landbúnaðarvara og þar með til þess, að bændastéttin geti áfram haft fullan íhlutunar- og samningsrétt um sín kjör. Það verður að gera ráð fyrir því, að samkomulag náist um þessi mál og að lagafrumvarp verði lagt fyrir þetta þing um verðlagningargrundvöll landbúnaðarvara.

Samkvæmt framanrituðu legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 25. nóv. 1965.

Ágúst Þorvaldsson.